

Reykjavík 20. nóvember 2002

Alþingi, efnahags- og
viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 215. mál,
heildarlög

Með bréfi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 6. nóvember sl.,
var óskað eftir umsögn embættisins um frumvarp til laga um
fjármálafyrirtæki.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sameina í ein heildarlög lög um
fjármálastarfsemi sem nú koma fyrir í fernum lögum. Af þessu tilefni hefur
ríkisskattstjóri kynnt sér frumvarpið og vill koma á framfæri eftirfarandi
athugasemdum.

Í 108. gr. frumvarpsins um nafnskráningu innlánsreikninga,
fjárvörslureikninga og geymsluhólfa er lagt til að fella niður skráningu
kennitölu viðkomandi eiganda eins og krafist er í 1. másl. 48. gr.
gildandi laga nr. 113/1996. Þá er lagt til að 2. másl. 48. gr. verði
felldur brott en þar er áskilið að sömu upplýsinga sé aflað við stofnun
annarra viðskiptasambanda hlutaðeigandi stofnunar og viðskiptamanna hennar.
Allt frá því að sett voru svokölluð Ólafslög hefu þess verið krafist að
verðtryggðir sparifjárreikningar væru skráðir á nafn í framhaldi af því var
þess krafist að reikningarnir væru auðkenndir með nafni eiganda,
heimilfangi og kennitölu hans. Í athugasemdum með frumvarpsgreininni segir
að áskilnaður um kennitölu sé til óhagræðis fyrir erlenda viðskiptamenn
íslenskra fjármálafyrirtækja sem hyggjast opna innlánsreikninga.

Eigi verður séð að rök standi til að afnema þá skyldu sem verið hefur svo
lengi í framkvæmd vegna óhagræðis nokkurra útlendinga sem viðskipti eiga
við fjármálastofnanir að afla sér kennitölu til að auðkenna
innlánsreikninga sína. Hagræðið af notkun kennitölu er óumdeilt til að
halda upp lögbundinni upplýsingagjöf einstaklinga og félaga þótt um geti
verið að ræða ofnotkun hennar í ýmsum tilvikum í viðskiptalífinu. Tengsl
kennitöluinnar við nafn einstaklings eða félög og þjóðskrár gerir m.a.
fjármálstofnunum kleift að fylgjast með búferlaflutningum viðskiptamanna
sinna og auðveldar þannig samskipti við þá svo og þá upplýsingagjöf sem þær
kunna að veita lögum samkvæmt. Ríkisskattstjóri leggst því gegn því að
fella niður orðalag 48. gr. laga nr. 113/1996 og leggur til að þessi
lagagrein komi óbreytt inn í 108. gr. frumvarpsins í stað þess orðalags sem
nú er á greininni. Sé það talið nauðsynlegt eða mikilvægt að takmarka meint

óhagræði erlendra viðskiptavina, sem ekki hafa önnur viðskipti við Ísland en eru á milli fjármálastofnunar og hins erlenda viðskiptamanns mætti kveða svo á að erlendir viðskiptavinir, sem ekki hafa með höndum skráningarskylda starfsemi eða hafa ekki skattalegar skyldur hér á landi geti átt innlánsreikninga í sínu eigin nafni án kennitölu. Ennfremur er sá möguleiki fyrir hendi að þessum aðilum verði veitt auðkennistala utan kennitölukerfisins fyrirtækjaskrár en sem fyrirtækjaskrá muni engu að síður úthluta.

Ríkisskattstjóri vill einnig víkja nokkuð að 58.-60. gr. frumvarpsins í tilefni þess að verið er að steypa saman fernum lögum um fjármástofnanir í ein heildarlög. Greinar þessar fjalla um þagnarskyldu og samþykki viðskiptamanns til miðlunar trúnaðarupplýsinga.

Í greinum þessum er að finna almennar reglur um bankaleynd, þ.e. meðferð trúnaðarupplýsinga, bæði persónulegra og viðskiptalegra, gagnvart þriðja aðila. Í athugasemdum með 58. gr. kemur fram að ákvæði greinarinnar samsvari efnisleg ákvæðum núgildandi ákvæðum 43. gr. laga nr. 113/1996. Fram kemur að beiting ákvæðisins hljóti ávallt að vera háð mati líkt og núgildandi ákvæði og í vafaatvikum verði að telja að upplýsingar sem fjármálafyrirtæki búi yfir um viðskiptamann sinn félli undir þagnarskyldu nema atvik bentu til annars. Felld er brott úr lagagreininni tilvísun í úrskurði dómara en fram kemur í staðin að þagnarskyldan víki sé skylt að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Ríkisskattstjóri lýtur svo á að um enga efnisbreytingu sé að ræða varðandi heimild skattyfirvalda til að afla upplýsinga hjá bönkum og sparisjóðum og verið hafa samkvæmt lögum nr. 113/1996 eða gagnvart öðrum fjármálastofnunum eins og verið hafa og byggjast á ákvæðum laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og fleiri lögum um skatta og gjöld.

Ríkisskattstjóri litur því svo á að ákvæði 60. gr. frumvarpsins um heimild fjármálafyrirtækja til að miðla til utanaðkomandi aðila þeim upplýsingum um viðskiptamenn sem um getur í 58. gr. frumvarpsins að fengnu skriflegu samþykki þess er í hlut á geti ekki átt við miðlun upplýsinga til skattyfirvalda þar sem sú miðlun til skattyfirvalda byggist á skýru lagaboði þar um og ekki þurfi samþykki viðkomandi til að slíkar upplýsingar berist þeim. Sé sá skilningur ekki réttur er verið að þrengja gildandi ákvæði um upplýsingaskyldu til skattyfirvalda frá umræddum fjármálastofnunum svo mjög að þau verða að mestu óvirk og myndi það lama skatteftirlit og skattrannsóknir. Ríkisskattstjóri telur nauðsynlegt að á því verði hnykkt í frumvarpinu að ekki sé verið að breyta gildandi framkvæmd laganna um beina og ótvíræða upplýsingaskyldu fjármálastofnana til skattyfirvalda.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra
Indriði H Þorláksson Guðmundur Guðbjarnason